


Mynd 1 – Fluttir farþegar á mánuði hjá norrænum flugfélögum janúar 2017– júlí 2022 (í þúsundum)



Norwegian birti ekki flutningatölur á tímabilinu apríl – júlí 2020. Mikil fækkun farþega hjá SAS milli mánaða í júlí 2022 skýrist af verkfalli flugmanna hjá félaginu. WOW Air var í rekstri fram í mars 2019, en ekki eru tiltækar upplýsingar um mánaðarlegan farþegafjölda hjá félaginu.

Norwegian aðsópsmest fyrir faraldur – og á ný

- Á mynd 1 getur að líta þróun mánaðarlegs farþegafjölda hjá norrænum flugfélögum frá ársbyrjun 2017 til júlí 2022. Sjá má að Norwegian var stærst félag árin fyrir Covid, eftir mikla áherslu á vöxt og verulega skuldsetningu, og er nú eftir nokkurt hlé og hrakfarir aftur orðið stærst. Segja má að SAS og Norwegian fylgist að í sveiflum og fjölda farþega en Icelandair og Finnair séu í svipuðum flokki.
- Ekki þarf að orðlengja hamfaraáhrif Covid-19 á félögin frá vori 2020 fram að sumri 2021. Eftir það hafa þau verið að taka við sér á ný og síðustu mánuði hafa þau flutt fleiri farþega en nokkru sinni frá upphafi faraldurs.


Icelandair komið næst 2019 í farþegafjölda

- Á mynd 2 er fjöldi farþega í nýliðnum júlí m.v. júlí árið 2019 hjá þeim fjórum félögum í þessum samanburði sem þá voru starfandi. Icelandair er komið næst for-Covid farþegafjölda sínum, í 89%, heilum 20 prósentustigum fyrir ofan næsta félag. Ánægjulegt er að sjá á mynd 3 að hlutfall farþega til landsins í júlí hjá Icelandair er enn hærra en meðaltalið eða 92%. Lítið er að marka hlutfall SAS, 47%, því flugmannaverkfall hrjáði félagið helming mánaðarins. Í júní var hlutfall SAS svipað og hjá Finnair.


Sætanýting orðin eðlileg að nýju

- Á mynd 4 er sætanýting félaganna í júlí. Hjá Icelandair er hún 8% umfram júlí 2019 og hjá Norwegian, SAS og Finnair er hún nálægt pari. Athugið þó að framboðið á flugi er enn ekki orðið jafnmikið og það var fyrir faraldur, eins og farþegatölurnar á myndum 1-3 gefa til kynna.


Mynd 2 – Hlutfall farþega í júlí 2022 m.v. júlí 2019



Mynd 3 – Icaair: Hlutfall markaða í júlí 2022 mv. júlí 2019



Mynd 4 – Sætanýting í júlí 2022



Heimildir: Flugfélögin, Ferðamálastofa